

Borgarstjórn
15. október 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavík verði leiðandi í aðlögun umferðarmerkinga í samræmi við tækninýjungar í umferð

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að gerð verði heildarúttekt á umferðarmerkingum m.t.t. tækninýjunga í samgöngum og sífellt fjölbreyttri samgöngumáta í samræmi við ný umferðarlög, sem taka munu gildi um næstu áramót. Sérstaklega verði farið yfir umferðarmerkingar á vegum, s.s. yfirborðsmerkingar gatna og akstursstefnur, merkingar á gangbrautum, hjólastígum og hringtorgum með hliðsjón af nýjungum í samgöngum s.s. rafhjólum, hlaupahjólum og sjálfakandi bifreiðum. Þá verði enn fremur horft til skilta, s.s. hraðamerkinga, gangbrautamerkinga og varúðarmerkinga. Lögin gera ráð fyrir að heimila akstur og prófanir sjálfakandi ökutækja en breyttar merkingar eru forsenda þess að hægt sé að nýta tæknina. Auk þess kallar snjallvæðing umferðarljósa, umferðarstýring, bílastæðastjórnun og upplýsingagjöf í leiðsögukerfi bíla á bættari og betri merkingar. Lagt er til að Reykjavíkurborg verði leiðandi sem stærsta sveitarfélagið í að taka fyrsta skrefið í aðlögun umferðarmerkinga í samræmi við tækninýjungar með hliðsjón af umferðaröryggi.

Greinargerð:

Í frumvarpi að nýjum umferðarlögum er stigið það mikilvæga skref að heimila akstur og prófanir sjálfakandi ökutækja. Mikilvægt er að stærsta sveitarfélagið sýni frumkvæði og framsækni með því að aðlaga innviði borgarinnar í samræmi við örar tækninýjungar. Um áramótin verður frumvarpið orðið að lögum. Þá skiptir öllu að nýjum hugmyndum og tækni framförum verði tekið með opnum örmum og kappkostað að borgin flýti fyrir innleiðingu hinnar nýju tækni á vegum landsins.

Verkefnið verði unnið í samráði við Vegagerðina, lögregluna og aðra hagsmunaaðila. Nýjum umferðarlögum er ætlað að bæta umferðarflæði og draga úr loftmengun. Nauðsynlegt er að bæta umferðaröryggi en til þess þurfa innviðir, stjórnun og eftirlit að haldast í hendur.

Markmið laganna er skýrt; að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi þar sem jafnræðis er gætt milli vegfarenda, óháð samgöngumáta.